

Samningur um umsjón og rekstur fólkvangsins Teigarhorn í Djúpavogshreppi

1. gr.

Samningsaðilar.

Umhverfisstofnun, kt. 701102-2880, og sveitarfélagið Djúpavogshreppur, kt. 570992-2799, gera með sér samning um umsjón og rekstur fólkvangsins á Teigarhorni í samræmi við 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Friðlýsta svæðið er 2010 ha að flatarmáli.

2. gr.

Markmið samningsins.

Markmið samningsins er að umsjón og rekstur fólkvangsins á Teigarhorni sé í samræmi við lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, og reglur hins friðlýsta svæðis í samræmi við auglýsingu um friðlýsinguna í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk fólkvangsins eru jarðarmörk Teigarhorns og eru sýnd á meðfylgjandi hnitsettum uppdrætti í fylgiskjali I.

4. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun og vöktun.

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við umsjónar- og rekstraraðila svæðisins sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lið 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

5. gr.

Umsjón og landvarsla.

Umsjónar- og rekstraraðili sér um daglega umsjón og rekstur fólkvangsins. Dagleg umsjón felur t.d. í sér að sveitarfélagið sér um að svæðið líti vel út, fjarlægi rusl, hafi eftirlit með því að verndargildi svæðisins rýrni ekki, bregðast við akstri utan vega o.s.frv. Málefnum sem upp kunna að koma og kalla á sérstakar ráðstafanir eða stjórnvaldsákvæðanir ber að vísa til Umhverfisstofnunar.

Ef ráðinn er landvörður fyrir fólkvanginn skal viðkomandi að lágmarki uppfylla ákvæði 29. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd, sbr. 1. gr. reglugerðar um landverði, nr. 61/1990.

6. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs og landslags.

Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf af ásetningu í fólkvangnum.

Æðavarp innan fólkvangsins er friðað samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 252/1996, um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.

Veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum eru heimilar innan fólkvangsins í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Lax- og silungsveiði er heimil innan fólkvangsins í samræmi við ákvæði laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

Heimilt er að beita búpeningi innan girðingar fólkvangsins á Búlandsdal og skulu mörk þar miðast við girðingu í mynni dalsins. Búfjárbætur er að öðru leyti óheimil innan fólkvangsins nema á afgirtum og ræktuðum túnnum.

Handwritten notes in blue ink: "OK", "ES", "66", "KIK".

7. gr.

Umferð um fólkvanginn.

Almenningi er heimil för um fólkvanginn og er öllum skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í fólkvanginum. Þó er starfsmönnum á svæðinu heimil, ef nauðsyn krefur, notkun vélknúinna farartækja vegna starfa við stígagerð og vegna veitumannvirkja, enda sé ekki unnt að framkvæma verkið á annan hátt, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

Óheimilt er að hafa hunda lausa innan fólkvangsins. Þó er heimilt að hafa þarfahunda, lausa innan fólkvangsins þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns, í samræmi við samþykkt Djúpavogshrepps um hundahald í Djúpavogshreppi.

8. gr.

Verndun menningarminja.

Gamli bærinn á Teigarhorni ásamt lóð umhverfis er í eigu Þjóðminjasafns Íslands og er friðaður. Um vernd menningarminja fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um menningarminjar, nr. 80/2012.

Umsjónar- og rekstraraðili hefur umsjón með öðrum húsum á Teigarhorni. Umsjónar- og rekstraraðili tekur við eignunum í núverandi ástandi og ber kostnað af eðlilegu viðhaldi húsanna. Ef um meiriháttar og stærra viðhald er að ræða umfram það sem eðlilegt er að umsjónar- og rekstraraðili eigi að bera einn skal bera það undir eiganda og gert í fullu samráði við hann.

Nýbyggingar sem reistar eru og þjóna markmiðum umsjónaraðila varðandi nýtingu svæðisins eru gerðar á hans kostnað og fer með þá fjárfestingu eins og lýst er í 38. gr. ábúðarlaga nr. 80/2004 enda hafi nýbygging verið samþykkt af landeiganda.

9. gr.

Mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir.

Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Djúpavogshrepps, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun.

Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt á verndarsvæðinum, þó er efnistaka heimil úr malarnámun í grennd við Búlandsá í samræmi við aðalskipulag, en ætíð er óheimilt að taka efni úr árfarvegi Búlandsár.

Innan fólkvangsins er vatnsverndarsvæði Djúpavogshrepps.

Skógræktarsvæði innan fólkvangsins skulu skipulögð sem almenn útivistarsvæði til framtíðar. Umsjónar- og rekstraraðili skal endurnýja núverandi samninga sem gilda um skógræktarsvæðin og skulu samningarnir taka mið af framtíðaráformum um fjölnytjaskóg á svæðinu. Frá stofnun fólkvangsins er ræktun og dreifing framandi plöntutegunda óheimil innan marka fólkvangsins í samræmi við reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda.

Innan marka fólkvangsins er bústaður í einkaeigu á eignarlandi alls 4000 m². Eiganda er heimilt almennt viðhald á húsinu án samþykkis Umhverfisstofnunar. Aðrar framkvæmdir á lóðinni eru háðar samþykki Djúpavogshrepps og Umhverfisstofnunar sbr. auglýsingu um stofnun fólkvangsins á Teigarhorni í Djúpavogshreppi.

Innan marka fólkvangsins er eignarlóð að stærð 5184 m², Kápugil. Eiganda er heimilt almennt viðhald á eignum án samþykkis Umhverfisstofnunar. Aðrar framkvæmdir á lóðinni

GU
SS
KJE
KJA
GB

eru háðar samþykki Djúpvogshrepps, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki, nr. 160/2010.

Innan fólkvangsins er spennustöð í eigu RARIK og Landsnets á 2 ha svæði samkvæmt lóðaleigusamningi. Eigendum spennustöðvarinnar er heimilt almennt viðhald á eignum.

10. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð innan marka fólkvangsins nema annars vegar við veiðar á ref og mink og hins vegar við skotveiðar, svo sem hreindýraveiðar, í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994. Skylt er að tilkynna umsjónaraðila svæðisins um alla notkun skotvopna.

11. gr.

Fræðsla.

Umhverfisstofnun og umsjónar- og rekstraraðili hafa samstarf um útgáfu fræðsluefnis. Skiltagerð á svæðinu skal vera í samræmi við Skiltahandbók Umhverfisstofnunar, Vatnajökulspjóðgarðs og Ferðamálastofu. Um skiptingu kostnaðar vegna útgáfu fræðsluefnis skal samið hverju sinni.

12. gr.

Gjaldtaka og þjónustugjöld.

Umsjónar- og rekstraraðili er heimilt að taka gjald fyrir þjónustu sem veitt er innan náttúruverndarsvæðisins, svo sem leiðsögn um svæðið, sbr. 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

13. gr.

Skipting kostnaðar.

Umsjónar- og rekstraraðili kostar laun og annan kostnað vegna daglegrar umsjónar og rekstrar á fólkvanginum, sbr. 56. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Umsjónar- og rekstraraðili greiðir jafnframt fasteignagjöld, önnur opinber gjöld og tryggingagjöld sem lögð verða á eignirnar og ber að halda við jörð og húsum þannig að verðgildi þeirra rýrni ekki umfram eðlilega fyrningu. Nýgirðingar og viðhald girðinga á svæðinu eru á kostnað rekstraraðila.

Hvers konar tekjur af jörðinni eða fasteignum renna til umsjónar- og rekstraraðila. Um skiptingu kostnaðar sérstakra verkefna skal samið hverju sinni.

14. gr.

Skýrslugerð

Umsjónar- og rekstraraðili skal gefa Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu skýrslu ár hvert um ástand, framkvæmdir og aðra starfsemi á fólkvanginum. Skila skal skýrslunni fyrir 1. nóvember ár hvert. Í skýrslunni skal m.a. tilgreina ástand lands og lífríkis, áætlaðan gestafjölda, fræðslu, umgengni, rannsóknir, framkvæmdir og kostnað af þeim og annað sem kann að skipta máli varðandi fólkvanginn.

15. gr.

JKR
HJK 55
KJA 60

Eftirlit Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með því að umsjónar- og rekstraraðili uppfylli samningsskuldbindingar í samræmi við samning þennan, þær reglur sem gilda um náttúruverndarsvæðið, sbr. auglýsingu um friðlýsingu í Stjórnartíðindum, 30. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, og verndar- og stjórnunaráætlun

16. gr.

Gildistaka

Samningurinn tekur gildi við staðfestingu umhverfis- og auðlindaráðherra.

Samningur þessi er í þremur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki og ráðherra einu.

17. gr.

Ákvæði um endurskoðun.

Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningi þessum hvenær sem er. Þó skal endurskoða samninginn eigi síðar en að 5 árum liðnum frá undirritun hans.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samnings þessa er 6 mánuðir.

18. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Umhverfis- og auðlindaráðherra úrskurðar um ágreiningsmál varðandi samning þennan.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. apríl 2013

Gaumur Jóhannsson

Kristinn d. Arnaldsson

Vottar

Staðan Stavarsson

Kjartan Ást

Jón Þor Rétursson

Fylgiskjal I



**Folkvangurinn Teigarhorn
i Djúpavogshreppi**

Mörk folkvangsins

Flásmátt: 20 km²
 Mörk folkvangsins: Lammeyri, Langhólmur
 Hraunvegur: 127183
 Kartlaggjafi: Guðni Harðarson LMI
 Dagi: 17.04.2013
 © Landmælingar Íslands

55
 2702
 OBP